

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

## Skýrsla umdæmisstjóra til umdæmisstjórnarfundar 26. nóvember 2011

Ágætu Kiwanisfélagar,

Hér á eftir mun ég greina frá nokkrum atriðum sem hefur verið unnið að á vegum umdæmisstjórnar frá upphafi starfsárs.

### Umdæmisþing á Höfn:

Ég vil gjarnan fá að nota þetta tækifæri til að þakka Ósfélögum fyrir frábært þing, þeir félagar tókust á við erilsamt verkefni hvað varðar allan undirbúning á slíku þinghaldi og gerðu það með miklum sóma.

Umdæmisþingið tókst vel og að mínu mati þá standa nokkur atriði þar upp úr. Fyrst má nefna nýtt svæðaskipulag, samþykka stefnumótun til næstu fimm ára og breytingar á áherslum vegna fjölgunarmála.

### Nýtt svæðaskipulag:

Breytt svæðaskipulag hafði verið í undirbúningi hjá umdæmisstjórn í tvö ár og nýtt svæðaskipulag tók gildi 1. október s.l. Helstu breytingar eru þær að svæðum er fækkað úr sex í fimm og Færeyjar eru gerðar að sér svæði.

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir erlendur ritari umdæmisins tók að sér það verkefni að vera einnig tengiliður við Færeyjasvæðið og setti hún sig strax í samband við Elinu svæðisstjóra en áhugi okkar var að koma meira til móts við Færeyingana með því að setja af stað vinnu við að þýða allt efni yfir á dönsku eða færeysku. Emelía Dóra þýddi allt efni frá fræðslunefnd yfir á dönsku og Elin hefur undanfarið unnið að því að þýða efni yfir á færeysku og þar á meðal eru klúbbalög, stefnumótun og efni til stjórnarskipta.

Emelía Dóra fór til Færeyja og sat fyrsta svæðisráðsfundinn í nýja svæðinu og hún mun örugglega hér á eftir segja okkur nánar frá samskiptum sínum við Færeyjar. Þá kom það mjög skýrt fram á fyrsta fundi í Óðinssvæði að breytingin þar sé mjög jákvæð og styrki svæðið mikið.

### Stjórnarskipti – svæðisráðsfundir:

Ég hef einsett mér það að vera í persónulegu sambandi við svæðisstjórana og hafði samband við þá bæði fyrir og eftir stjórnarskiptin og einnig fyrir svæðisráðsfundina til að fá

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

upplýsingar hvort allt hefði ekki gengið vel fyrir sig. Þá hafa Emelía Dóra og Elin verið í góðu sambandi.

## Fundur – heimsóknir – styrkveitingar:

Ég átti þess kost að sitja fyrsta svæðisráðsfund í breyttu Óðinssvæði 12. nóvember s.l. og var það mjög ánægjulegur fundur. Í máli nokkurra kom fram að þeim myndist vera meiri jákvæðni í félögum núna varðandi kiwanishreyfinguna og tóku sem dæmi að frá upphafi starfsárs hefur fjölgað um sex nýja félaga.

Í lok fundar á Akureyri þá héldum við Emelía Dóra fulltrúi K-dagsnefndar í Lautina á Akureyri og afhendum þar styrk að upphæð 5.5 milljónir króna.

Ég var einnig viðstaddur og tók þátt í afhendingu á tveimur styrkjum frá K-dagsnefnd í Ráðhúsi Reykjavíkur á alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október s.l.

Jörfafélagar buðu umdæmisstjóra til sinnar árlegu sviðaveislu sem haldin var 22. október s.l. og umdæmisstjóra var einnig boðið að sitja sameiginlegan fund hjá Esju, Kötlu, Höfða, Heklu og Jörfa 16. nóvember s.l. Þá mætti ég, að vísu ekki í embættiserindum á svæðisráðsfund í Ægissvæði í Garði s.l. laugardag.

Umdæmisstjóra var einnig boðið heim til formanns Styrktarsjóðs er Sigurði R. Péturssyni var afhent Zellerorða en komst því miður ekki vegna flensu, en vil óska Sigurði innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Framkvæmdanefnd hefur haldið tvo fundi það sem af er starfsári og þriðji fundur nefndarinnar verður haldinn miðvikudaginn 4. janúar 2012.

## Alþjóðlegt samstarf:

Strax að loknu umdæmisþingi skipaði ég vinnuhóp sem fékk það verkefni að skoða og greina þátttöku okkar í því erlenda samstarfi sem umdæmið Ísland-Færeyjar tekur þátt í, bæði á vegum KIEF og KI.

Vinnuhópurinn skoði þetta einnig með hliðsjón af þeim gjöldum sem íslensk/færeyska umdæmið greiðir og hvort sú þjónusta sem íslensk/færeyska umdæminu er látið í té sé viðunandi að mati nefndarinnar.

Vinnuhópurinn skili greinargerð til umdæmisstjóra eigi síðar en 1. apríl 2012.

Í nefndinni sitja, Ástbjörn Egilsson fyrrverandi Evrópuforseti, Guðmundur Baldursson fyrrverandi umdæmisstjóri, Sigurgeir Aðalgeirsson fyrrverandi umdæmisstjóri, Andrés K. Hjaltason fyrrverandi umdæmisstjóri og Einar Friðþjófsson Kiwanisklúbbum Helgafelli Það er engin launung að við höfum komið á framfæri óánægju okkar til forsvarsmanna Evrópustjórnar m.a. vegna niðurstöðu framboða frá okkur í tveimur kosningum á s.l. tveimur

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

árum. Það jákvæða er að litið hefur verið til okkar varðandi setu í nefndum á vegum Evrópustjórnar og heimsforseta. Óskar hefur verið í nefnd á vegum KIEF og nýlega var Jóhanna M. Einarsdóttir forseti Vörðunnar valin af heimsforseta í nefnd til að undirbúa með hvaða hætti hreyfingin fagnar því að í júlí í sumar verða 25 ár liðin frá því að konum var heimilt að ganga til liðs við hreyfinguna. Þá hefur Hjördís kjörumdæmisstjóri verið í vinnuhóp kvennanefndarinnar í Evrópu.

Þessa dagana erum við að senda út bréf til heimsstjórnar varðandi erlendu gjöldin en undanfarin ár höfum við fengið „afslátt“ af þeim vegna stöðu okkar. Við undirbúning þessa starfsárs og í fræðslu til féhirða gerðum við ráð fyrir að fá ekki frekari „afslátt“. Helstu rök okkar hafa verið að fyrir nokkrum árum var fækkun hjá okkur og fjárhagsleg staða manna hér á Íslandi hefði sennilega þau áhrif að erfiðlega gengi að fjölga. Þessi rök eiga ekki við núna, þar sem íslensk-færeyska umdæmið hefur fjölgað mest allra umdæma í Evrópu og höfum við farið úr 850 félögum í 969 á þremur árum. Þá hefur konum fjölgað hjá okkur úr 5% í 9% á tveimur árum.

## Nefndastörf:

Strax í upphafi nýs starfsárs fóru nefndir umdæmisins af stað í sín mál og munu nefndarformenn gera grein fyrir störfum nefndanna hér á eftir. Það er mjög mikilvægt að nefndirnar séu virkar og séu í góðu sambandi við klúbbana.

Ein nefnd hefur unnið ötullega síðastliðin 2-3 ár og er þessa dagana að ljúka sínum verkum en það er K-dagsnefndin undir styrki stjórn Gylfa Ingvarssonar. Ég vil færa nefndinni þakkir fyrir ákaflega vel unnin störf. Þið sem heimsækið heimasíðuna okkar reglulega hafið tekið eftir könnun sem þar er í gangi en spurt er hvort K-lykilsalan eigi að fara fram að vori eða hausti. Hátt í 50 manns hafa greitt atkvæði og yfir 80% vilja hafa söluna að vori til.

Nú er það verk okkar í þessari umdæmisstjórn að skipa í nýja K-dagsnefnd og hef ég hug á að ljúka því fyrir næsta umdæmisstjórnarfund í mars.

Án þess að halla á neina nefnd þá verð ég að minnst á fræðslunefndina sem hefur unnið gífurlega gott starf í allri vinnu við undirbúning fræðslunnar s.l. vor og í haust, en einnig eru nefndarmenn á ferð og flugi að heimsækja klúbba og ræða innra starf hreyfingarinnar.

Öllum embættismönnum færi ég þakkir fyrir ykkar mikilvægu störf og óska ykkur velfarnaðar í ykkar störfum næstu misseri.. það er gaman – saman

Reykjanesbæ 22. nóv. 2011

Ragnar Örn Pétursson  
Umdæmisstjóri 2011-2012